
Valgerður Gunnarsdóttir (Hovedindlæg)

Virðulegi forseti. Mennta- og menningarmálanefndin hefur á öllum sínum fundum árið 2015 fjallað um norræna menningarskólatösku. Nefndin telur mjög mikilvægt að styrkja böndin á milli norrænna ríkja og ekki síst ungmenna með því að kynna þeim menningu annarra norrænna landa til viðbótar við sína eigin menningu. Með því má stuðla að vináttu, skilningi og áhuga á umhverfi, móðurmáli og menningu í hverju landi og tengjast þannig sterkari böndum.

Norræn menning vekur áhuga um allan heim og hefur áhrif á aðrar þjóðir. Nefndin telur að með því að kynna börnum og ungmönnum það besta í norrænum bókmenntum, kvikmyndum, tónlist og hvernig unnið er að umhverfisvernd vítt um Norðurlönd verði það til að auka enn frekar samskipti og vináttu þjóðanna. Í því skyni leggur menningar- og menntamálanefndin til við Norrænu ráðherranefndina að leggja enn frekar áherslu á mikilvægi hinna nýtilkomnu barna- og unglingsbókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs ásamt þeim sem fyrir voru. Að árlega útbúi þeir sem tilnefndir eru til verðlauna Norðurlandaráðs menningarlega og faglega dagská utan um sitt listfag. Að börnum og ungmönnum í norrænum grunn- og framhaldsskólum verði boðið að kynna sér og njóta þessarar dagskrár. Að gert verði ráð fyrir því, af hálfu Norrænu ráðherranefndarinnar, að fyrst verði boðið upp á þessa menningarlegu dagskrá á skólaárinu 2016-2017 og gert verði ráð fyrir því í undirbúningi fjárlagagerðar fyrir árið 2016. Einnig telur nefndin mikilvægt að gott samstarf sé við skóla í þessari vinnu og að gert sé ráð fyrir tengli í hverjum skóla.

Kæru norrænu vinir. Það er okkar hlutverk að stuðla að nánara samstarfi milli þjóða. Því yngri sem við erum þegar tengslin myndast þeim mun meiri

líkur eru á að þau haldi og styrkist með árunum. Við erum sterk saman í alþjóðlegu samstarfi og erum fyrirmyndir sem horft er til. Við eigum sameiginleg gildi sem lýsa veginn og svo verður áfram ef við hlúum að þeim af alúð.

Skandinavisk oversættelse

Ærede præsident. Kultur- og Uddannelsesudvalget har på alle sine møder i 2016 behandlet den nordiske kulturskoletaske. Udvalget finder det vigtigt at styrke båndene mellem de nordiske lande, ikke mindst de unge, ved at præsentere dem for de øvrige nordiske landes kultur i tillæg til deres egen kultur. På den måde kan man bidrage til venskab, forståelse og interesse for miljø, modersmål og kultur i hvert land og knytte dermed stærkere bånd.

Nordisk kultur vækker interesse i hele verden og påvirker andre nationer. Udvalget mener at ved at præsentere børn og unge for det bedste i nordisk litteratur, film og musik, samt hvordan man arbejder med miljøbeskyttelse andre steder i Norden, vil dette føre til øgede kontakter og venskaber mellem landene. Med det formål for øje foreslår Kultur- og Uddannelsesudvalget, at Nordisk Ministerråd lægger endnu større vægt på vigtigheden af Nordisk Råds nye børne- og ungdomslitteraturpris og rådets øvrige priser. At de nominerede til Nordisk Råds priser udarbejder hvert år et kulturelt og fagligt program med udgangspunkt i deres egen kunstform. At børn og unge i nordiske grundskoler og ungdomsuddannelser får mulighed for at blive kendt med og nyde dette program. At Nordisk Ministerråd tager udgangspunkt i at kulturprogrammet tilbydes første gang i skoleåret 2016–2017, og at der tages højde for dette i budgetprocessen for 2016. Udvalget finder det også vigtigt, at man skaber et godt samarbejde med skolerne, og at der udses en kontaktperson for hver skole.

Kære nordiske venner. Det er vores opgave at bidrage til et tættere samarbejde mellem befolkningerne. Des yngre vi er, når kontakterne oprettes, des større mulighed er der for at de bevarer og styrkes med hvert år, der går. Sammen er vi stærke i et internationalt samarbejde, og vi er forbilleder, som andre skeler til. Vores fælles værdier lyser vejen frem, og det bør de fortsat gøre, hvis vi værner nænsomt om dem.

Information

Tal nummer

313

Typ

Hovedindlæg

Person

[Valgerður Gunnarsdóttir](#)

Speaker role

Kultur- og Uddannelsesudvalgets talsperson

Datum

28.10.15 22:03

Ärende

[Udvalgsforslag om Nordens Kulturelle Skolesekk](#)